

26. ágúst 2011

Afkoma Skipta hf. á fyrri hluta árs 2011

- Rekstarafkoma batnar milli ára, en fjármagnsliðir eru neikvæðir.

- Sala nam 13,5 milljörðum króna samanborið við 19,6 milljarða á sama tímabili árið áður. Á fyrri helmingi árs 2010 voru Sirius IT og Já upplýsingaveitur hluti af samstæðu uppgjöri og þegar sambærilegur rekstur á milli ára er borin saman var 2,4 % aukning í sölu hjá samstæðunni.
- Tap Skipta nam 1,9 milljónum króna. Tap á sama tímabili árið 2010 var 6 milljónir króna. Skýrist einkum af virðisryrnun krónunnar.
- Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 3,5 milljörðum króna samanborið við 3,7 milljarða fyrir sama tímabil 2010. EBITDA samsvarandi starfssemi var 2,6 milljarðar árið 2010. EBITDA hlutfallið nú er 25,6% samanborið við 18,9 % á fyrsta helmingi síðasta árs. Að frádregnum einskiptiskostnaði er EBITDA hlutfallið 22,5% á fyrri helmingi 2011 sem þýðir 14,2% aukningu á milli ára. Einskiptiskostnaðurinn er vegna mismunar sem myndaðist þegar fjárhæð í ágreiningsmáli Símans hf., dótturfélags Skipta hf., við Seamobile Europe var lækkuð úr 7,7 milljónir evra í 4,5 milljónir evra.
- Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta nam 1,4 milljörðum króna samanborið við 3,6 milljarða á sama tímabili árið áður.
- Fjármagnsgjöld voru 3,9 milljarðar króna en þar af nam gengistap 1,5 milljörðum króna.
- Eigið fé Skipta er 20,5 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall er 23,5%.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta:

„Eins og fram kemur í uppgjörinu þá fer undirliggjandi rekstur heldur batnandi eftir mjög erfitt tímabil og hafa þar yfirstandandi hagræðingaraðgerðir skilað sér. Undirbúningur fyrir endurfjármögnun félagsins hefur staðið yfir síðustu mánuði enda eru fjármagnsliðirnir félaginu þungir og takmarka svigrúm þess verulega. Hagræðing í rekstrinum heldur áfram og er unnið að því að skerpa áherslur á innlenda starfsemi og samþætta reksturinn út frá því. Við stefnum að því að bæta grunnreksturinn ennfrekar og með velheppnaðri endurfjármögnun þá erum við bjartsýn á framtíðina.“

Helstu niðurstöður í rekstri fyrstu sex mánuði ársins 2011

Reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings 31. desember 2010. Stjórn Skipta hf. hefur samþykkt árshlutareikninginn fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Rekstur

Salan á fyrri helmingi árs 2011 nam 13.486 m.kr. samanborið við 19.641 m.kr. Á fyrri helmingi árs 2010 voru Sirius IT og Já upplýsingaveitur hluti af samstæðu uppgjöri og þegar sambærilegur rekstur á milli ára er borin saman var 2,4 % aukning í sölu hjá samstæðunni en salan á fyrri hluta síðasta árs var 13.418 m.kr.

Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir (EBITDA) var 3.520 m.kr. miðað við 3.743 m.kr. á sama tímabili árið 2010. EBITDA hlutfallið er nú 25,6% samanborið við 18,9% á sama tímabili í fyrra. EBITDA samsvarandi starfssemi var 2.648 m.kr. árið 2010. Að frádregnum einskiptiskostnaði er EBITDA hlutfallið 22,5% á fyrri helmingi 2011 sem er aukning um 14,2% á milli ára.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT), án virðisrýrnunar, nam 1.690 m.kr. samanborið við 1.694 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2010. Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) fyrir sambærilegan rekstur nam 677 milljónum árið 2010.

Afskriftir félagsins námu 1.830 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið við 2.049 m.kr. fyrir sama tímabil 2010.

Fjármagnsliðir eru neikvæðir um 3.939 m.kr. á fyrstu 6 mánuðum ársins samanborið 1.701 m.kr. í neikvæða fjármagnsliði fyrir sama tímabil 2010. Gengistap á fyrstu 6 mánuðum ársins er 1.469 m.kr. samanborið við 574 m.kr. gengishagnað fyrir sama tímabil 2010, viðsnúningurinn er neikvæður um 2.043 m.kr. á milli tímabila.

Tap samstæðunnar eftir skatta nam 1.915 m.kr. samanborið við 6 m.kr. tap á sama tímabili 2010. Skýrist einkum af virðisrýrnun krónunnar.

Lykiltölur

(m.kr.)	6M 2011	6M 2010	6M 2011	6M 2010*
Rekstrartekjur.....	13.737	19.820	13.737	13.418
EBITDA	3.520	3.743	3.087	2.648
EBITDA hlutfall.....	25,6%	18,9%	22,5%	19,7%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(3.939)	(1.701)	(3.939)	(1.653)
Hagnaður / (Tap) tímabilsins	(1.915)	(6)	(2.348)	(713)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta.....	1.396	3.557	1.396	2.983
Handbært fé í hlutfalli við heildartekjur.....	10,2%	17,9%	10,2%	22,2%

*Afkoma Sirius IT og Já Upplýsingaveitur tekin út á árinu 2010

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta var 1.396 m.kr. yfir tímabilið. Á sama tímabili í fyrra var handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta 3.557 m.kr.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum (CAPEX) námu 1.357 m.kr. á tímabilinu en námu 1.385 m.kr. fyrir sama tímabil 2010.

Efnahagur

Heildareignir samstæðunnar námu 87.174 m.kr. 30. júní 2011 og lækkuðu eignir um 18.498 milljónir eða um 17,5% á tímabilinu.

Eigið fé félagsins nam 20.483 m.kr. í lok fyrri árshelmings 2011 og eiginfjárlutfall var 23,5%.